

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m<sup>2</sup> og stærri, kr. 227,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 90,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 52,90 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 151,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m<sup>3</sup> kr. 21 400,00,

Hús 300—2 000 m<sup>3</sup> kr. 21 400,00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 15,80 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m<sup>3</sup> kr. 48 300,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> og kr. 13,20 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 2 150,00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1774 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Selfoss.

#### I Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 8,60 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 2 370,00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

## II Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

- |   |              |
|---|--------------|
| 1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 1 100,00 |
| 2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" .....               | kr. 1 550,00 |

## III Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m<sup>3</sup>, kr. 22 300,00

400 til 2 000 m<sup>3</sup>, kr. 22 300,00 af 400 m<sup>3</sup> + kr. 18,80 á m<sup>3</sup> þar yfir að 2 000 m<sup>3</sup>.

2 000 m<sup>3</sup> kr. 52 400,00 + kr. 15,30 á m<sup>3</sup> þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 3 820,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

## IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 231,00

## V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísan til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 121 28. febrúar 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*